



# Dalapósturinn

3. tölublað 2012  
29. febrúar

---

## Íbúð til leigu

Íbúðin að Sunnubraut 1a í Búðardal er laus til leigu. Íbúðin er 4 herbergja, um 102,5 m<sup>2</sup>.

Umsóknareyðublað og reglur um úthlutun leiguíbúða eru á vef Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til 5. mars nk.

## Byggingarfulltrúi

Ný rafræn eyðublöð varðandi byggingarmál hafa verið tekin í notkun fyrir Dalabyggð. Eyðublöðin eru á útfyllanlegu PDF formi. Eftir útfyllingu eru þau prentuð út, undirrituð og send til byggingarfulltrúa.

## Launaseðlar og reikningar

Launaseðlar og útsendir reikningar frá Dalabyggð verða framvegis birtir í netbönkum, en ekki sendir út í pappírformi.

## Fasteignagjöld

Minum á að eigendur fasteigna geta nálgast álagningarseðla sína á upplýsinga- og þjónustuveitunni [www.island.is](http://www.island.is). Aðgangur að vefnum er kennitala viðkomandi og aðalveflykill ríkisskattstjóra eða rafræn skilríki.

---

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

---

## Sælingsdalslaug í mars

Í mars verður til reynslu opið á laugardögum kl. 11-14. Góð mæting var á laugardögum í tengslum við frjálsíþróttæfingar og íþróttaskóla. Þrátt fyrir að þeim æfingum sé lokið er kjörið fyrir foreldra og börn að mæta að Laugum, nýta íþróttahúsið og fara í sund.

Á fimmtudögum er opið kl. 16-17 fyrir eldri borgara.

Ný gjaldskrá hefur tekið gildi, en í mars býður sveitafélagið öllum frítt í sund.

### Opnunartímar í mars

sunnudaga & mánudaga	lokað
Þriðjudaga	17-20
miðvikudaga	17-21
fimmtudaga	17-20
föstudaga	lokað
laugardaga	11-14

## Héraðsbókasafn

Veturinn það sem af er hefur verið góður á bókasafninu. Mikið er lesið og kaffihornið mælst vel fyrir. Ríflega 200 bækur eru úti í hverri viku og skil eru yfirleitt góð.

Bókasafnið er opið á þriðjudögum kl. 15-19 og fimmtudaga 13-16. Silfurtún og Fellsendi fá bækur einu sinni í mánuði og leikskólinn eftir þörfum.

Árgjald safnsins er óbreytt, 1.000 kr. Fólk er hvatt til að greiða það skilvíslega.

Bókasafnsdagurinn verður haldinn 17. apríl undir kjörorðunum *Lestur er bestur*.